

samkvæmt 2. mgr. 44. gr. sömu laga, og verður frávisunarkrafa stefnda samkvæmt þessu ekki tekin til greina.

Kveðið verður á um málskostnað, er mál þetta verður dæmt að efni til.

Því úrskurðast:

Krafa stefnda um vísun máls þessa frá Félagsdómi verður ekki tekin til greina.¹⁾

Þriðjudaginn 26. marz 1957.

Nr. 12/1956. **Stéttarfélag verkfræðinga f. h. Jóhanns Jakobssonar** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Rannsóknarráði ríkisins f. h. Atvinnudeildar Háskólans (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Ragnar Jónsson í stað Gunnl. E. Briem.

Verkfræðingar. Deildarstjóri iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans eigi talinn hafa samningslegan rétt til yfirverkfræðingslauna samkvæmt gildandi kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags. 13. september f. á. af Stéttarfélagi verkfræðinga f. h. Jóhanns Jakobssonar deildarstjóra iðnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans gegn Rannsóknarráði ríkisins vegna Atvinnudeildar Háskólans. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að dæmt verði, að staða Jóhanns Jakobssonar við iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans skuli, að því er launakjör snertir, talin svara til yfirverkfræðingsstöðu samkvæmt 2. gr. kjarasamnings, dags. 28. júlí 1955, milli stefnanda og ríkissjóðs, og að greiða beri honum laun samkvæmt því. Þá krefst stefni-

1) Þessi úrskurður var staðfestur í Hæstarétti 8. marz 1957. Hrd. XXVIII, bls. 185.

andi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í aprilmánuði 1954 sendi Stéttarfélag verkfræðinga ríkisstjórninni og borgarstjóranum í Reykjavík drög að kjarasamningi fyrir verkfræðinga og fór þess á leit við nefnda aðilja, að þeir gengju til samninga um kaup og kjör verkfræðinga. Upp úr þessu hófust svo viðræður milli nefndra aðilja, er enduðu með því, að hinn 25. ágúst sama ár gerði Stéttarfélag verkfræðinga fyrsta kjarasamning sinn. Var hann gerður við Reykjavíkurbæ. Síðar á árinu gerði félagið kjarasamning við samtök vinnuveitenda og hinn 24. nóvember þetta sama ár var undirritaður kjarasamningur milli félagsins og ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt 2. gr. þess samnings, er greint á milli 1) verkfræðinga, sem ekki fara með verkstjórn yfir öðrum verkfræðingum, 2) deildarverkfræðinga og 3) yfirverkfræðinga. Fór fjárhæð launa eftir því, í hvaða flokki verkfræðingurinn var.

Stefnandi kveður, að það hafi eigi borið á góma milli samningsaðilja, er framangreindir samningar voru gerðir, hvaða skilning bar að leggja í greiningu verkfræðinga í lægri eða hærri stöður, og hefur stefndi ekki haldið öðru fram varðandi kjarasamning þann, sem gerður var við ríkissjóð 24. nóvember 1954.

Hinn 28. júlí 1955 var gerður nýr samningur milli stefnanda og ríkissjóðs um kaup og kjör verkfræðinganna. Í 2. gr. hans segir m. a. svo:

„Almennur verkfræðingur, ráðinn samkvæmt samningi þessum, skal eigi hafa lægri grunnlaun á mánuði en hér segir, og miðast þau við starfsaldur hans. 1. starfsár kr. 2825.00 o. s. frv.

Yfirmenn skulu eigi hafa lægri grunnlaun á mánuði en hér segir:

Deildarverkfræðingur kr. 3830.00

Yfirverkfræðingur — 4030.00

.....“

Það er ágreiningslaust með aðiljum máls þessa, að ekki

hafi heldur við samningsgerð þessa verið rætt um það, í hvaða launaflokki einstakir verkfræðingar, er þá unnu í þjónustu ríkisins, skyldu falla, né heldur, hvernig skilgreina bæri deildar- eða yfirverkfræðingsheitið.

Þegar framangreindir kjarasamningar frá 24. nóvember 1954 og 28. júlí 1955, voru gerðir, starfrækti ríkissjóður Atvinnudeild Háskólans. Samkvæmt reglugerð frá 22. febrúar 1950 greinist atvinnudeildin í þrjár sérdeildir: fiskideild, búnaðardeild og iðnaðardeild, er hver um sig fara með þau rannsóknarefni, sem nánar er kveðið á um í reglugerðinni. Í 10. gr. reglugerðarinnar segir, að hverri deild skuli stjórn- að af deildarstjóra. Samkvæmt því ákvæði hafði Jóhann Jakobsson efnafræðingur verði skipaður deildarstjóri iðnaðardeildar hinn 1. júlí 1954, en áður hafði hann starfað sem sérfræðingur við deildina frá því í desembermánuði 1945. Voru honum í samræmi við skipun hans greidd laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum frá 1. júlí 1945, þar til hann hinn 1. apríl 1956 tók laun samkvæmt kjarasamningum frá 28. júlí 1955, svo sem nú verður vikið að.

Með bréfi dags. 27. desember 1955 sagði Jóhann upp starfa sinum sem sérfræðingur og deildarstjóri iðnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans og skyldi sú uppsögn koma til framkvæmda 1. apríl 1956. Ástæður Jóhanns fyrir uppsögn þessari voru launakjör hans, og kveðst hann hafa látið þess getið í uppsögn sinni, að hann væri fús til þess að gefa kost á sér til áframhaldandi starfa, ef hann fengi laun sem yfirverkfræðingur samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags verkfræðinga. Ekki varð úr því, að Jóhann Jakobsson hætti störfum við iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans, því hinn 13. apríl 1956 réði Rannsóknarráð ríkisins hann á ný til starfa sem deildarstjóra iðnaðardeildar. Samkvæmt 3. gr. ráðningarsamningsins skyldu föst grunnlaun hans vera kr. 3830.00 á mánuði, þ. e. deildarverkfræðingslaun samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins. Jafnframt skyldi hann fá fasta yfirvinnugreiðslu kr. 996.67 á mánuði (grunnlaun) og eftirvinna skyldi greiðast með kr. 46.00 á klst. (grunnlaun).

Þegar undirrita skyldi ráðningarsamninginn, lýsti Jóhann því yfir, að hann teldi, að sér bæri yfirverkfræðingslaun.

Rannsóknarráð hélt hins vegar fast við, að honum bæri aðeins deildarverkfræðingslaun. Varð endirinn sá, að Jóhann ritaði undir ráðningarsamninginn með fyrirvara, um þetta atriði, en hélt hins vegar áfram fyrri starfa sínum sem deildarstjóri iðnaðardeildar. Höfðaði Stéttarfélag verkfræðinga síðan mál þetta til viðurkenningar á rétti Jóhanns til yfirverkfræðingslauna samkvæmt kjarasamningi félagsins, svo sem að framan greinir.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að samkvæmt reglugerð fyrir Atvinnudeild Háskólans felist það í stöðu deildarstjóra, að hann sé tæknilegur yfirmaður þeirra sérfræðinga, sem við hverja deild starfi og beri ábyrgð á starfsemi deildar sinnar gagnvart Rannsóknarráði ríkisins. Verkefni iðnaðardeildar séu svo mörg, að hún skiptist raunverulega í sjálfstæðar undirdeildir. Ábyrgð deildarstjórans sé því margþætt og starf hans svo yfirgripsmikið, að því verði að öllu leyti jafnað til starfs þeirra verkfræðinga, sem taki laun sem yfirverkfræðingar samkvæmt áður nefndum kjarasamningi frá 28. júlí 1955, enda sé þess krafizt í áður nefndri reglugerð, að deildarstjórinn sé sérfræðingur. Þá bendir stefnandi á það, að hjá ríkinu, Reykjavíkurbæ og öðrum aðiljum, beri ýmsir menn starfsheitið yfirverkfræðingur og taki laun samkvæmt því, og gegni þeir menn þó hvorki vandasamari né ábyrgðarmeiri störfum en deildarstjóri iðnaðardeildar. Enn bendir stefnandi á það, að Jóhann Jakobsson hafi um skeið fengið eftirvinnukaup, sem miðað hafi verið við eftirvinnukaup yfirverkfræðinga, enda sé deildarstjórum Atvinnudeildar Háskólans samkvæmt launalögum ríkisins ætluð sömu laun og yfirverkfræðingum.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að kjarasamning málsaðilja beri ekki að skilja á þann veg, að deildarstjórar iðnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans eigi að fá laun yfirverkfræðings. Telur hann, að það sé aðeins á valdi forráðamanna Atvinnudeildarinnar að kveða á um það, hvaða starfsstöðu starfsmenn hennar hafi. Jóhann Jakobsson sé samkvæmt ráðningarsamningi sínum ráðinn sem deildarstjóri iðnaðardeildar og honum því skylt samkvæmt sama

samningi að vinna öll þau störf, er honum séu falin innan starfssviðs þeirrar deildar. Verði þessari starfsaðstöðu hans ekki gegn vilja stefnda jafnað til yfirverkfræðingsstöðu samkvæmt kjarasamningnum frá 28. júlí 1955, enda séu laun hans í ráðningarsamningnum berum orðum ákveðin þau sömu sem deildarverkfræðingum ber eftir ákvæðum kjarasamningsins og skipti hér engu fyrirvari Jóhanns við undirritun ráðningarsamningsins.

Ráðningarsamningur Jóhanns Jakobssonar, sem undirritaður var 13. apríl 1956, er byggður á kjarasamningi þeim, sem gerður var milli stefnanda máls þessa og ríkissjóðs hinn 28. júlí 1955. Fer því um kaup og kjör Jóhanns eftir siðarnefndum samningi, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938, og skiptir í því sambandi ekki máli, hvort reglugerð um Atvinnudeild Háskólans gerir ráð fyrir því, að þar starfi yfirverkfræðingur eða ekki. Kemur þá til álita hvaða skuldbindingar stefndi hafi tekið á sig með nefndum kjarasamningi.

Svo sem áður var greint, er það upp komið í máli þessu, að ekki hafi borið á góma, þegar framangreindir kjarasamningar voru gerðir, hinn 24. nóvember 1954 og 28. júlí 1955, hvaða stöðu verkfræðingar, sem ráðnir væru til starfa samkvæmt samningunum ættu að hafa, til þess að þeim bæru laun yfirverkfræðings eða deildarverkfræðings. Þá virðist ekki heldur hafa verið um það rætt, í hvaða launaflokk þær verkfræðingastöður, sem þá voru fyrir hendi hjá ríkisstofnunum, skyldu falla. Af orðalagi samninganna verður ekki heldur neitt ráðið annað en það, að ætla má, að deildar- og yfirverkfræðingar muni að jafnaði fara með stjórn yfir öðrum verkfræðingum.

Þegar litið er til þess, hvert sé starfssvið þeirra yfirverkfræðinga og deildarverkfræðinga, sem laun taka samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags verkfræðinga, þá hafa eftirtalदार upplýsingar komið fram í málinu:

Hjá Reykjavíkurbæ er einn verkfræðingur á yfirverkfræðingslaunum samkvæmt kjarasamningnum. Hann mun nú vera staðgengill bæjarverkfræðings og hans hægri hönd. Hjá raforkumálastjóra fær einn yfirverkfræðingur laun eftir kjarasamningi. Er starfssvið þess verkfræðings það, að hafa

umsjón með öllum rannsóknum á jarðhita og hagnýtingu hans hér á landi. Hjá Landssmiðjunni starfar yfirverkfræðingur, er laun tekur eftir kjarasamningi. Stýrir hann teiknistofu og fær til úrlausnar öll tæknileg verkefni Landssmiðjunnar. Ennfremur undirbýr hann alla nýsmíði með útreikningum, teikningum og tæknilegum leiðbeiningum. Auk þess er talið, að hann hafi með höndum mörg önnur atriði í rekstri Landssmiðjunnar. Þá er talið, að einn yfirverkfræðingur starfi hjá Almenna byggingarfélaginu h.f., en ekki liggja fyrir upplýsingar um starfssvið hans, og ekki heldur um starfsaðstöðu yfirverkfræðings eða yfirverkfræðinga, sem talið er að starfað hafi um skeið hjá Íslenzkum aðalverktökum s.f.

Þegar stefnandi hófst handa um það, að ná kjarasamningum við atvinnurekendur og opinbera aðilja, var heitið deildarverkfræðingur ekki til í lögum um laun opinberra starfsmanna. Hins vegar gerði launasamþykkt Reykjavíkur ráð fyrir deildarverkfræðingum og samkvæmt gögnum málsins starfa nú eigi færri en 4 deildarverkfræðingar hjá Reykjavíkurbæ. Fara þeir hver um sig með stjórn þeirrar deildar, sem þeim er falin, og hafa með höndum stjórn yfir 3 eða fleiri verkfræðingum og fjöldamörgum starfsmönnum, svo sem í gatnagerðardeild, hitaveituedeild og mælingadeild. Er hver þessara deilda út af fyrir sig umfangsmikið fyrirtæki. Þá starfa tveir deildarverkfræðingar hjá raforkumálastjórn. Fer annar með undirbúning og umsjón með línubyggingum, en hinn hefur á hendi stjórn birgðadeildar rafmagnsveitna ríkisins. Hann sér einnig um flutninga, bíla, verkstæði og margt fleira og gerir fjárhags- og afgreiðsluáætlun fyrir deild sína. Hjá Sápugerðinni Frigg starfar deildarverkfræðingur. Stjórnar hann rannsóknarstofu og sér um daglega tæknistjórn og hefur eftirlit með framleiðslu verksmiðjunnar. Ekki sést, að hann fari með stjórn annarra verkfræðinga eða efnafræðinga. Loks er talið, að deildarverkfræðingar hafi starfað hjá Íslenzkum aðalverktökum s.f., en ekki hafa komið fram neinar upplýsingar um það, hvornig stöðu þeirra hafi verið háttað.

Svo sem áður greinir, fer Jóhann Jakobsson með stjórn

iðnaðardeildar, en hún er ein af þremur deildum Atvinnudeildar Háskólans. Iðnaðardeild hefur með höndum ýmis rannsóknarefni samkv. reglugerð fyrir Atvinnudeild Háskólans frá 22. febrúar 1950, og starfa nú við hana einn verkfræðingur, 3 efnaverkerfræðingar, einn efnafræðingur, einn jarðfræðingur og 2 gerlafræðingar auk ófaglærðs starfsfólks. Deildarstjóri sér um dagleg störf og rekstur deildarinnar og gerir fjárhags- og starfsáætlanir fyrir deild sína. Er sýnt, að starfi hans fylgir allmikil ábyrgð.

Upplýsingar þær, sem að framan greinir um störf og starfssvið yfirverkfræðinga og deildarverkfræðinga, sem laun taka samkvæmt kjarasamningum stefnanda, þykja ekki hafa leitt í ljós, að skapazt hafi svo fastar reglur um það, hvornig greina skuli milli yfirverkfræðinga og deildarverkfræðinga, að stefnda hafi átt að vera það ljóst, þegar hann gerði kjarasamninginn 28. júlí 1955, að starf deildarstjóra iðnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans hlyti að falla í flokk yfirverkfræðinga og launast samkvæmt hæsta launaflokki kjarasamningsins. Eins og málum var háttað í viðskiptum málsaðilja, er fastir starfsmenn ríkisins voru að flytjast af launalögum yfir á hærri kaupákvæði kjarasamnings, var eðlilegt, að samið yrði sérstaklega um launaflokk sérhvers starfs eða samstæðra starfa og það því fremur, sem það hlýtur að vera á valdi atvinnurekenda eða forráðamanns stofnunar að ákveða skipulag starfseminnar og starfsaðstöðu starfsmanna sinna, að svo miklu leyti sem hann hefur eigi gengið undir ákveðnar skuldbindingar um þau efni, eða er bundinn af ákvæðum laga eða reglugerða.

Þegar virt eru öll þau atriði, er rakin hafa verið, verður ekki talið, að stefndi hafi, er hann hinn 13. apríl f. á. undirritaði ráðningarsamninginn við Jóhann Jakobsson, verið bundinn skyldu um að greiða deildarstjóra iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans yfirverkfræðingslaun samkvæmt þágildandi kjarasamningi aðilja, þótt ráðningarsamningurinn væri bundinn ákvæðum kjarasamningsins. Braut ráðningarsamningurinn, eins og hann var úr garði gerður, því ekki í bág við ákvæði kjarasamningsins.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af

kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Rannsóknarráð ríkisins f. h. Atvinnnudeildar Háskólans, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Stéttarfélag verkfræðinga vegna Jóhanns Jakobssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. apríl 1957.

Nr. 11/1956. **Rafn Jensson** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
 gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h.

Íslenzkra aðalverktaka s.f.

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Verkfræðingar. Aukagreiðsla til verkfræðings hvorki talin hafa verið dagpeningar né hluti grunnlauna, og var atvinnurekandanum því eigi talið skylt að greiða vísitöluuppbót á greiðslu þessa.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Rafni Jenssyni verkfræðing, Köldukinn 7, Hafnarfirði, með stefnu dags. 28. júní f. á. gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Íslenzkra Aðalverktaka s.f., en stéttarfélag stefnanda, Stéttarfélag verkfræðinga, hafði hinn 26. s. m. neitað að fara með mál þetta fyrir hann.

Málavextir eru þessir:

Hinn 16. marz 1955 réðist stefnandi í þjónustu stefnda til verkfræðistarfa. Þegar sú ráðning fór fram, var í gildi